

Samþykkt um styrki til húsverndar í Hafnarfirði

1. gr. Hlutverk húsverndarsjóðs Hafnarfjarðar.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa í Hafnarfirði. Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum í bænum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds og verndunar annarra mannvirkja í bænum sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi enda séu framkvæmdir í samræmi við upprunalegan byggingarstíl húss og sjónarmið húsverndar.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert.

2. gr. Auglýsing um styrki húsverndarsjóðs.

Hafnarfjarðarbær skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr húsverndarsjóði Hafnarfjarðar eigi síðar en 15. janúar ár hvert.

3. gr. Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði.

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar úthlutar styrkjum úr húsverndarsjóði að fenginni umsögn Byggðasafns Hafnarfjarðar. Byggðasafn Hafnarfjarðar getur leitað samstarfs við sérfræðinga á umhverfis- og skipulagssviði við úrvinnslu umsókna.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildi hennar fyrir varðveislu byggingararfs Hafnarfjarðar. Áhersla skal lögð á að styrkja framkvæmdir sem færa ytra byrði húsa s.s. glugga og klæðningu til upprunalegs horfs. Umsóknir vegna framkvæmda sem telja má til eðlilegs viðhalds teljast að jafnaði ekki styrkhæfar.

Úthlutun styrkja skal að öðru jöfnu ákveðin fyrir 15. apríl ár hvert og tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðuna. Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, fellur styrkur niður.

4. gr. Almennt um umsóknir.

Styrkumsóknir skulu berast Hafnarfjarðarbæ fyrir 1. mars ár hvert á þar til gerðu eyðublaði í gegnum „Mínar síður“ á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Umsóknum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir og kostnað. Jafnframt skal umsókninni fylgja ljósmynd og teikning til nánari skýringar. Séu umsóknir ekki skilmerkilega útfylltar eða í samræmi við kröfur getur þeim verið vísað frá. Byggðasafni Hafnarfjarðar er heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir áður en til úthlutunar kemur.

Umsóknir skulu berast Hafnarfjarðarbæ innan auglýsts umsóknarfrests. Sé fyrirhugað að framkvæma verk sem sótt er um styrk til á mörgum árum skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við verkið í heild sinni og kostnaði við það. Heimilt er að sækja um styrki fyrir aðra áfanga við næstu styrkveitingu. Hafnarfjarðarbær er með styrkveitingu ekki

skuldbundin til að veita styrki til seinni áfanga verksins. Ef fleiri en einn eigandi eru að húseign sem sótt er um styrk til skulu eigendur sækja sameiginlega um.

5. gr. Greiðslur styrkja.

Styrkur er greiddur út þegar þeim framkvæmdum er lokið sem sótt var um fyrir og umsækjandi hefur skilað lokaskýrslu eða áfangaskýrslu sem Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur samþykkt og tryggt að framkvæmdir hafi verið gerðar í samræmi við kröfur og umsókn.

6. gr. Viðurkenningar

Menningar- og ferðamálanefnd getur veitt húsverndarviðurkenningar þegar sérstök ástæða þykir til og getur þar óskað eftir tillögum og umsögnum fagaðila.

Reglur þessar taka til gildi 13. janúar 2022 með samþykki Menningar- og ferðamálanefndar og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af Þjónustu- og þróunarráði frá 3. nóvember 2004.